

FUNDARGERÐ

EB 51-01-00/útg. 1

verkheiti: **SKARÐSHLÍÐARSKÓLI** *tilvísun:* 17103
fundur: Stöðufundur nr. 3 *dags.:* 10.10.2017

EB 51-01-00/útg. 1

Staður og tími: Norðurhelli 2, þriðjudaginn 10. október 2017, kl. 8.30

Fundarmenn:

| | | |
|--------------------------|-----|------------------|
| Gunnar Örn Steingrímsson | GÖS | Eykt |
| Þorgeir Margeirsson | ÞM | Eykt |
| Ivon Stefán Cilia | ISC | Tark |
| Símon Unndórsson | SU | VSÓ |
| Ingibjörg Magnúsdóttir | IM | Skólastjóri |
| Sigurður Haraldsson | SH | Hafnarfjarðarbær |
| Stefán B. Veturliðason | SBV | VSB |

liður efni *ábyrgð*

0 **Síðasta fundargerð**
Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð síðasta fundar.

2.2 **Framkvæmdaleyfi**
Verktaki hefur fengið útgefið byggingarleyfi frá byggingafulltrúa.

2.3 **Hönnun, teikningar og önnur gögn**
Gögn verksins eru vistuð á Dropbox sem verktaki hefur umsjón með.

Hönnunarvinna:

Uppfærðar aðalteikningar hafa verið lagðar inn og samþykktar af byggingafulltrúa.

Burðarþolshönnun og hönnun fráveitulagna fyrir 1. áfanga er í vinnslu. Sérstök lóðateikning hefur verið gerð.

Eftirfarandi atriði er snúa að hönnun voru rædd og eftirfarandi bókað:

Felliveggur milli tónlistarstofu og leiksviðs: Verktaki sendi inn fyrirspurn til verkkaupa 4/10 þar sem hann óskar eftir að fá að byggja gífsvegg í stað felliveggs. Ástæðan er að hefðbundinn felliveggur mun ekki ná kröfum um hljóðeinangrun sem er 60 dB. Talið er að hefðbundinn felliveggur ná um 48 dB hljóðeinangrun. Verkkaupi óskar eftir að haldið verði í fellivegg, en samþykkir að lækka kröfur um hljóðeinangrun. Verktaki reyni að ná eins góðum hljóðkröfum og hægt er en þó ekki minni en 48 dB. ISC

Aðstaða kennara við kennslustofur: Farið var yfir staðsetningu og stærð á aðstöðu kennara. Ákveðið var að halda sig við staðsetningu eins og er á teikningum og einnig að halda sig við 8m² að stærð. Hurðir inn í rýmið verði á lómum og opnast út í kennslurými. Gluggar verða á vegg sem snýr að útvegg til að fá meiri dagsbirtu inn í rýmið. ISC

Kennslustofur: Rætt hefur verið um hvernig best raðast í stofurnar, á lengdina eða breiddina. Verkkaupi telur betra að raða á lengdina, þó svo að gott sé að eiga möguleika á annarri röðun. Verkkaupi mun fara í að velja búnað sem þarf tengingar í kennslustofur, þannig að tekið verði tillit til hans við hönnun, þ.e. staðsetningu tengla ofl. IM mun setja af stað vinnu við val á búnaði. IM

- 2.3 Eldhús: Miða skal hönnun eldhúss við móttökueldhús. Nauðsynlegt er að endurskoða tækjalista miðað við það. SH mun ræða málið við innkaupastjóra verkkaupa og einnig við ISS. Þetta þarf að ganga hratt fyrir sig þar sem eldhúsið er í 1. áfanga byggingarinnar, þarf að liggja fyrir um 20/10. SH
- Ásláttarhljóðfæri: Fyrirspurn verktaka um herbergi vegna kennslu á ásláttarhljóðfæri hefur verið svarað og skal ekki gera ráð fyrir kennslu á ásláttarhljóðfæri.
- Heimæðar: Verktaki hefur óskað eftir því við Hafnarfjarðabæ að fá að breyta heimæðum fyrir skólp, regnvatn og neysluvatn. Hafnarfjarðarbær hefur samþykkt þessa ósk verktaka, svo framarlega að það gangi upp hvað hæðarsetningu stofnlagna varðar og hefur óskað eftir að VSB skoði málið. SBV
- Áfangaskipti: Farið var aðeins yfir hvaða rými verða í 1. áfanga og að það sé í samræmi við kröfur útboðsgagna. Verður skoðað betur, einnig m.t.t. fjölda skólabarna næsta vetur. IM
- 3.4 **Byggingarstjóri og meistarar**
Byggingarstjóri er Þorgeir Margeirsson og lýsti hann því yfir að lokið væri að skrá iðnmeistara á verkið.
- 3.8 **Efnissamþykktir**
Verktaki lagði fram þann 9/10, gögn um efni til samþykktar hjá verkkaupa er varðar frárennslislagnir í jörðu, ídráttarrör, fituskilju, fastefnaskilju og brunna. Er í skoðun hjá verkkaupa og verður svarað formlega. SBV
- 5.2 **Samskiptablað**
Verktaki hefur uppfært samskiptablað sem vistað er á vefnum.
- 6.1 **Stöðufundir**
Fundir verða haldnir annan hvern þriðjudag á Norðurhelli kl. 8.30. Á fundina mæta fulltrúar verktaka og ráðgjafa auk fulltrúa verkkaupa. Ráðgjafar mæta að jafnaði á annan hvern fund. Skólastjóri mun sitja fundina.
- 6.5 **Kostnaðargát, reikningar**
Verktaki hefur lagt fram 2. reikning vegna verksins dags. 30. september 2017 og hefur hann verið samþykktur af verkkaupa.
- 6.6 **Verkframkvæmd, einstaka verkþættir**
Lokið er jarðvinnu vegna 1. áfanga byggingarinnar og byrjað að steypa þrífalög undir sökkla. Uppsetningu aðstöðu er lokið og uppsettur byggingakrani. Vinnueftirlitinu hefur verið tilkynnt um vinnustaðinn. Verktaki hefir verið í viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um losun moldarefnis á jarðvegstipp bæjarins við Hamranes. Verktaki mun einnig nota hluta af moldaefni við landmótun innan lóðar.
- 6.7 **Verkáætlun, framvinda verks**
Verktaki telur að verkið sé aðeins á eftir áætlun, en nánari farið yfir það á næsta fundi.
- 8.1 **Önnur mál**
- 8.2 **Næsti fundur**
Næsti fundur verður á Norðurhelli, þriðjudaginn 17. október nk., kl. 8.30.

Fundarritari: SBV

Dreifing fundargerðar; Fundarmenn